

Alþingi, atvinnuveganefnd  
Austurstræti 10-14  
150 Reykjavík.

*Umsögn til Alþingis; tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727, þingskjal 1165, 140. löggjafarþing*

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) fagnar því að þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða er nú komin umfjöllunar á Alþingi. Um langan og ítarlegan feril hefur að ræða og fyrir FV hefur verið mikilvægt að fá tækifæri að koma að undirbúningi málsins. FV hefði þó kosið að ferill málsins hefði gengið hraðar fyrir sig, því nú hefur tapast dýrmætur tími á komandi sumri sem hefði mátt nýta til að afla nánari gagna vegna rannsókna til undirbúnings virkjanaverkefna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður eindregið þá tillögu að Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði (virkjunarkostur nr 4) sé sett í nýtingarflokk og vísast hér til ályktunar 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga þar sem segir;

*56. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 fagnar þeirri ákvörðun iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að Hvalárvirkjun hafi verið sett í nýtingarflokk í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Um mikið hagsmunamál Vestfirðinga er að ræða og því gleðilegt að nú sé þessi virkjunarkostur loks að verða raunhæfur.*

Varðandi biðflokk vill Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetja atvinnuveganefnd Alþingis að beita sér fyrir því að hraðað verði rannsóknum og annarri nauðsynlegri upplýsingaöflun um virkjunarkosti á Vestfjörðum sem settir eru í biðflokk. Þetta eru Glámuvirkjun í Hestfirði (virkjunarkostur 2) og Skúfnavatnavirkjun á Langadalströnd (virkjunarkostur 3). Nauðsynlegt er að afstaða til þessara virkjana liggja sem fyrst fyrir, vegna vinnu við úttekt á uppbyggingu (hringtengingu) flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Í annan stað er atvinnuveganefnd Alþingis hvött til að beita sér fyrir að auknu fjármagni verði veitt til uppbyggingar flutningskerfisins og til niðurgreiðslu tengigjalds nýrra virkjana svo sem Hvalárvirkjunar.

Nánari umfjöllun um skerta samkeppnisstöðu og samfélagslegan kostnað Vestfirðinga vegna stöðu afhendingaröryggis raforku á Vestfjörðum má kynna sér í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra um raforkuöryggi á Vestfjörðum frá árinu 2009<sup>1</sup>. Auk þess er að vænta áfangaskýrslu fasts starfshóps iðnaðarráðherra og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Starfshópur þessi var skipaður í lok mars 2011 til að fylgja eftir tillögum fyrri starfshóps og er starf hans áréttað í samþykkt ríkisstjórnarfundar á Ísafirði frá 5. apríl 2011. Stjórnvöld hafa með þessum hætti viðurkennt þann vanda sem er til staðar og leita leiða til að vinna að úrlausn mála. Fjórðungssamband Vestfirðinga væntir alls stuðnings Alþingis til hins sama.

Ísafirði 10. maí 2012.  
f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

---

<sup>1</sup> <http://www.idnadarraduneyti.is/media/frettir/Orkuoryggi-a-Vestfjordum.pdf>